



GLUGGAR OG HURÐIR

- FYRIR ALLAR HÚSGERÐIR

VERÐVERND BYKO

**LÆGRA
VERÐ**

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA

Viðargluggar - Álgluggar - Álklæddir viðargluggar - Bílskúrshurðir - Útihurðir





BYKO GLUGGAR MEÐ GÆÐAVOTTUN

BYKO gluggar eru CE vottaðir og með íslenska gerðarvottun frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI). Þar eru gluggarnir prófaðir reglulega í slagregnskáp. BYKO er aðili að NORDMARK gæðaeftirliti og hefur fengið sérstaka viðurkenningu NTR (Nordisk Trerad). Rakainnihald viðarins er stöðugt kannað og fylgst er með loftrakastýringu í fyrirtækinu.

Uppsetning, viðhald og umhirða glugga og hurða

Best er að setja glugga og hurðir upp fullfrágengna þegar húsið er tilbúið undir tréverk, þar sem raka- og hitastig hefur mikil áhrif á timbur og því skiptir rakastig á geymslustað einnig gífurlega miklu máli.

Viðhaldstíðni glugga og hurða fer eftir notkun og aðstæðum, hversu mikið mæðir á þeim, sól, rigningu og almennri veðrun. Mælt er með því að bera á olíuborna glugga að minnsta kosti einu sinni til tvisvar á ári.

Endurmálun glugga og hurða fer einnig eftir því hversu mikið mæðir á viðnum. Skrár og lamir þarfnast enn fremur viðhalds og þarf að smyrja, með sýrulausri olíu eða feiti, eftir þörfum eða minnst tvisvar á ári.

Nánari upplýsingar um almennt viðhald hurða og glugga veita solumenn glugga- og hurðadeildar BYKO og ráðgjöf um endurmálun og olíuburð veita sérfræðingar í málningardeildum BYKO. Auk þess má fá frekari upplýsingar á www.byko.is.



Gæðaeftirlit

BYKO gluggar eru með íslenska vottun frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI).



BYKO GLUGGARNIR ERU SÉRSMÍÐAÐIR AÐ ÞÍNUM ÓSKUM

Gler


BYKO býður upp á ýmsar tegundir glers í gluggana. Stöðluð framleiðsla er með góðu einangrunargleri þar sem U-gildi er ca 1,1 - 1,3. Því lægra sem U-gildið er því meiri einangrun. Einnig býður BYKO upp á ýmsar gerðir sólvarglers. Allir glerlistar eru með fræstri rauf fyrir þéttlista sem sameinar kosti hefðbundins þéttlista og toppfyllingar.

Gluggapóstar og karmar

Á karmastykkjum og innanverðum póstum eru brúnir fræstar þannig að gluggarnir eru fallegrir og nettari, en þeir fást einnig án skrautprófils að innanverðu. Allar aðrar brúnir eru rúnnaðar sem dregur úr hættu á skemmdum við flutning og ísetningu. Við málun myndast því heil filma sem slitnar ekki á skörpum brúnum. Öll lárrétt föls eru hallandi til að vatn safnist ekki fyrir í þeim og allir undirlistar eru með droparauf að neðan. Hönnun álundirlistans miðar að því að halda fölsum þurrum og góðri loftun við glerið. Þá eru fræstar í öllum karmastykki vatns- og vindraufar sem einnig eru sæti fyrir gluggalamir.



Timburprófill



Álklæddur timburprófill



Viðargluggar

BYKO býður upp á viðarglugga úr furu, oregon furu og mahóní. Gluggana er hægt að fá í fjölmörgum útfærslum. Gluggarnir eru fúavarðir. Þeir eru síðan yfirborðsmeðhöndlaðir með viðurkenndu akrýl þekjandi málningarkerfi, þar sem hægt er að velja um fjölda lita. Hægt er að fá gluggana án yfirborðsmeðhöndlunar en ekki er mælt með því, því best er að bera á viðinn og yfirborðsmeðhöndla sem allra fyrst áður en hann fer undir beran himin.

Álklæddir viðargluggar

Álkápan í álgluggunum frá BYKO veitir margfalt veðrunarþol og endingu umfram hefðbundna tréglugga. Hönnun álkápannar stuðlar að því að halda fölsum þurrum með góðri loftun. Henni er smellt á klossa sem tryggja góða loftun um timburhluta gluggans og halda honum þurrum. Kosturinn við álklædda glugga er að þeir eru nánast viðhaldsfríir og sérstaklega endingargóðir.

Álgluggar

BYKO býður einnig upp á vandaða álglugga í allar gerðir bygginga.

Álklæddir viðargluggar

Álklætt að utan og viður að innan.


Hægt að velja úr fjölda lita á álkápu.

Hallandi föls eru í undirstykkjum á fögum.

Fræst er úr karmastykkjum fyrir IPA gluggajárnum.

Allar brúnir eru rúnaðar.

Hallandi föls eru í öllum undirstykkjum.



Viðargluggar

Fura / Mahóní / Oregon furu

Hægt er að velja um gluggajárnaverki og fjölda opnunarmöguleika án verulegs aukakostnaðar. Mælt er með notkun bremsulama í fölsum og stangarlæsingum að neðanverðu til að fá sem besta þéttingu.